

Starfsörorkutrygging vegna slysa

Vátryggingarskilmálar nr. SS13

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum.
- Skilmálar þessir nr. SS13
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

1. Vátryggður
2. Vátryggingin gildir
3. Hugtakið slys
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Áhættubreyting
7. Útreikningur iðgjalds
8. Greiðsla iðgjalds
9. Endurgreiðsla iðgjalds
10. Aldurstakmörk
11. Vátryggingarfjárhæð
12. Ákvörðun bóta
13. Fyrning

1. Vátryggður

Vátryggður er sá sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

3. Hugtakið slys

Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.

4. Bótasvið

Félagið greiðir:

- 4.1 Bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir ef það leiðir til:
 - 4.1.1 Varanlegrar starfsörorku.
 - 4.1.2 Tímabundins missis starfsorku

Bótþættir sem vátryggingin tekur til koma fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

- 4.2 Félagið greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við vátryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins.

Félagið greiðir ekki bætur vegna slysa sem verða:

- 4.3 Í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. Með íþróttum er hér átt við einstaklings- eða liðsíþróttir sem æfðar eru reglulega undir leiðsögn þjálfara á vegum félaga eða samtaka sem hafa íþróttakeppni að tilgangi.

Þessi takmörkun á þó ekki við um almenningsþátttöku í keppni eða æfingum í golfi, götuhjólreiðum, þríþraut, víðavangs- eða götuhlaupi

- 4.4 Í bardaga-, glímu-, eða sjálfsvarnaríþróttum þar sem tilgangur íþróttanna er að slá, kýla eða sparka til andstæðingsins eða takast á við hann á annan hátt.

- 4.5 Í akstursíþróttum.

- 4.6 Í bjargsigi, kletta-, fjalla- og ísklifri.

- 4.7 Í fjallgöngu af hvaða tegund sem er í yfir 4.000 metra hæð frá sjávarmáli.

- 4.8 Í köfun með súrefniskút og fríköfun (án súrefnis) á meira dýpi en 10 metrar.

Áhættu samkvæmt gr. 4.3 til 4.8 er hægt að vátryggja sérstaklega.

- 4.9 Í loftbelgs-, svífvængja-, dreka-, svíf-, físvélaflugi og öðrum sambærilegum athöfnum.

- 4.10 Í teygjustökki, fallhlífastökki og BASE stökki og öðrum sambærilegum athöfnum.

- 4.11 Í flugi, nema vátryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.

- 4.12 Í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.

- 4.13 Af völdum ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun.

- 4.14 Af völdum eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja vátryggðs.

- 4.15 Af völdum matar- eða drykkjareitrunar.
- 4.16 Af völdum sýkingar vegna skordýrabits eða stungu.
- 4.17 Beint eða óbeint af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 5.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 5.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Áhættubreyting

Breyti vátryggður um starfsvettvang skal hann tilkynna félaginu um það án ástæðulauss dráttar. Vanræksla á því getur leitt til þess að ábyrgð félagsins vegna hvers vátryggingarátburðar verði hlutfallslega lækkuð, sbr. 88. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

7. Útreikningur iðgjalds

- 7.1 Iðgjald vátryggingarinnar er reiknað út frá starfi vátryggðs.
- 7.2 Iðgjaldið breytist við endurnýjun vátryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

8. Greiðsla iðgjalds

- 8.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 8.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 96. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

9. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður

hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir 100% varanlega starfsörorku, vegna vátryggðs.

10. Aldurstakmörk

Vátryggingin fellur úr gildi þegar vátryggður nær 67 ára aldri.

11. Vátryggingarfjárhæð

- 11.1 Hámarks vátryggingarfjárhæðir vegna örorkubóta og dagpeninga koma fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

- 11.2 Vátryggingarfjárhæðir breytast í samræmi við vísitölu neysluverðs.

- 11.3 Bætur reiknast á grundvelli vátryggingarfjárhæða á slysdegi eins og hér segir:

- 11.3.1 Örorkubætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnunnar frá slysdegi til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorku varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi.

- 11.3.2 Dagpeningar breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnunnar frá slysdegi meðan starfsorkumissir varir.

12. Ákvörðun bóta

- 12.1 Bætur vegna varanlegrar starfsörorku.

- 12.1.1 Valdi slys vátryggðum varanlegri starfsörorku innan þriggja ára frá því slysið varð greiddast örorkubætur.

- 12.1.2 Við ákvörðun örorkunnar skal meta hana með tilliti til getu vátryggðs til áframhaldandi þeirra starfa sem getið er um í vátryggingaskírteini eða endurnýjunarkvittun. Slys sem eingöngu valda lýti skal ekki meta til örorku. Ef líkur eru til, að ástand vátryggðs megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum ber að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Vegna 100% varanlegrar starfsörorku greiðist öll vátryggingarfjárhæðin, en við minni örorku hlutfallslega. Örorkan getur aldrei talist meiri en 100%.

- 12.1.3 Örorkan skal að jafnaði metin einu ári eftir slysið, annars þegar lækningar telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag.

- 12.1.4 Leiði slys til varanlegrar starfsörorku skulu félagið og vátryggður koma sér saman um einn

hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar slyssins.

12.2 Bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku

12.2.1 Valdi slys váttryggðum tímabundnum missi starfsorku til að gegna því starfi sem tilgreint er á váttryggingaskírteini eða endurnýjunarkvittun greiðir félagið dagpeninga. Dagpeningarnir greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma og svo lengi sem váttryggður er óvinnufær að mati læknis eða þar til starfsörorkumat hefur farið fram. Dagpeningar greiðast þó ekki lengur en í þann hámarksbótatíma er kemur fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og ekki eftir að þrjú ár eru liðin frá slysdegi.

12.2.2 Með biðtíma er átt við það tímabil sem samkvæmt váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun á að líða frá slysdegi þar til dagpeningagreiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir dagpeningar.

12.2.3 Félagið tekur ákvörðun um greiðslu dagpeninga á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.

12.2.4 Stafi starfsorkumissir slasaðra að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.

12.3 Félaginu er heimilt að láta lækni, að vali félagsins, skoða váttryggðan.

12.4 Félaginu er heimilt að afla sér upplýsinga um fyrri heilsufar váttryggðs að fengnu samþykki hans.

13. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum eftir lok þess almanaksárs sem váttryggingaratburður varð.

Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 25. júlí 2018.